



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURNESJA

2015-2019



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Leiðarljós .....	4
Framtíðarsýn .....	5
Atvinnuþróun og nýsköpun .....	5
Ímyndar- og markaðsmál.....	5
Menningar- og menntamál .....	5
Lýðfræði og þróun mannauðs .....	6
Staða Suðurnesja 2015 .....	7
Nýsköpun- og atvinnulíf .....	7
Mannauður.....	8
Menningarmál .....	9
Lýðfræði.....	10
Stefna og megináherslur .....	11
Atvinnuþróun og nýsköpun .....	11
Ímyndar- og markaðsmál.....	11
Menningar- og menntamál .....	12
Lýðfræði og þróun mannauðs .....	12
Markmið og aðgerðir 2015-2019 .....	13
Verkefni 1.1 - Tengsl atvinnulífs og skóla.....	14
Verkefni 1.2 - Kynning atvinnulífs og nýsköpunar á Suðurnesjum.....	15
Verkefni 1.3 - Samstarf ferðapjónustufyrirtækja á Suðurnesjum .....	16
Verkefni 2.1 - Jákvæð sjálfsmynd .....	17
Verkefni 2.2 - Sameiginleg markaðsáætlun fyrir Suðurnes .....	18
Verkefni 3.1 - Minnka brottfall úr námi.....	19
Verkefni 3.2 - Þjónusta og þekking í ferðapjónustunni .....	20
Verkefni 3.3 - Upplýsingaveita og aukið menningarsamstarf .....	21
Verkefni 4.1 - Menntun í takt við atvinnulífið á svæðinu.....	22
Verkefni 4.2 - Uppbygging mannauðs á Suðurnesjum .....	23
Samantekt .....	24



## Inngangur

10. febrúar 2015 skrifaði Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum undir samning við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Suðurnesja fyrir árin 2015-2019. Markmið sóknaráætlunar er að ráðstafa þeim fjármunum sem ríkið hefur varið í atvinnu-, byggða- og menningarmál á Suðurnesjum í samræmi við stefnu sem landshlutinn mótar sjálfur á þessum sviðum.

Sóknaráætlun á að stuðla að jákvæðari samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni landshlutans sem og landsins alls. Jafnframt er leitast við að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Landshlutasamtökin skuldbinda sig til að vinna sóknaráætlun þar sem staða landshlutans er greind og markmið sett bæði til lengri og skemmri tíma. Landshlutasamtökin taka jafnframt á sig þær skyldur að setja upp uppbyggingarsjóð sem styður við menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni í samræmi við markmið þau sem landshlutinn hefur sett sér í sóknaráætluninni. Gerð er krafa um að áhersluverkefni verða skilgreind og að þau endurspegli markmið sóknaráætlunarinnar. Áætlunin er til 5 ára en hægt er að uppfæra hana innan tímabilsins með sömu skilyrðum og gilda um upphaflega mótun hennar.

Samkvæmt áður nefndum samningi skal sóknaráætlun innihalda að lágmarki stefnu landshlutans í menningarmálum, nýsköpun- og atvinnuþróun, uppbyggingu mannauðs og lýðfræðilegri þróun svæðisins.

Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum er ætlað að skipa samráðsvettvang þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Samráðsvettvangurinn skal koma saman að minnsta kosti árlega og ræða framgang sóknaráætlunar.

Kjarninn í Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019 og sú sýn sem vinna skal eftir, eru þær áherslur sem komu fram á fundi Samráðsvettvangs um Sóknaráætlun Suðurnesja sem fundaði í byrjun júní sl. Á umræddum fundi mættu 26 aðilar, þar af voru kjörnir fulltrúar 5 eða 19,23% og aðrir haghafar voru 21 eða 80,77%. Hlutfall kynja skiptist þannig að 61,54% voru konur en 38,46% karlar. Sævar Kristinsson frá KPMG stýrði fundinum og var starfsfólki SSS og Heklunnar, atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja til ráðgjafar við framsetningu og vinnu stefnunnar sem hér birtist.

Jafnframt hefur verið skipað í úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs og fór fyrsta úthlutun farið fram þann 15. júní sl. Alls var úthlutað 45 milljónum króna til 35 verkefna.



## Leiðarljós

Leiðarljósin sem höfð eru til hliðsjónar við gerð Sóknaráætlunar Suðurnesja eru þau sem oftast voru nefnd í svörum þátttakenda á samráðsfundi í júní 2015. Niðurstaða fundarins var að horfa sérstaklega til *samvinnu, sjálfbærni og fjölbreytileika*. Þessi lykilorð eru leiðarljós við ákvarðanatöku sem byggist á sóknaráætluninni.

### Samvinna

Flestir eiga mikið undir því að samvinna sé góð innan landshlutans. Þar af leiðandi verður horft til þess að:

- ...vinna að aukinni samvinnu innan atvinnugreina
- ...stuðla að og benda á tækifærin sem felast í samstarfi ólíkra atvinnugreina
- ...stuðla að samvinnu sveitarfélaga til styrkingar landshlutans
- ...vinna saman að markaðssetningu og ímyndarsköpun landshlutans

### Sjálfbærni

Við ákvarðanatöku sem tengist Sóknaráætlun Suðurnesja er horft til þess að fjölmargir aðilar eiga hagsmuna af því að sjálfbærni sé eitt af leiðarljósum áætlunarinnar. Horft verður m.a. til þess að:

- ...nýsköpun og atvinnulíf eiga mikið undir sjálfbærri nýtingu auðlinda á sjó og landi
- ...ná fram efnahagslegri sjálfbærni með því að styrkja búsetu og atvinnustarfsemi í landshlutanum
- ...horfa til lengri tíma við ákvarðanatöku
- ...íbúar þekki og beri virðingu fyrir Suðurnesjum, náttúru, sögu og menningarlíf

### Fjölbreytileiki

Horft verður til þess fjölbreytileika sem einkennir svæðið þegar kemur að ákvarðanatöku, þetta er m.a. gert með því að:

- ...mannlíf svæðisins einkennist af fjölbreytileika, ekki síst vegna sögu svæðisins
- ...íbúar fái tækifæri til að nýta fjölbreyttan bakgrunn sinn og menntun í starfi
- ...menningarstarf á svæðinu byggir á fjölbreytileika mannlífsins
- ...þróa áfram fjölbreytta atvinnustarfsemi stórra og smárra fyrirtækja sem byggja á styrkleikum svæðisins



## Framtíðarsýn

Þegar horft er til framtíðar vilja Suðurnesjamenn vera leiðandi á landsvísu í þeim málaflokkum sem söknaðarætlun tekur til. Hér er að finna lýsingu á framtíðarsýn landshlutans til ársins 2025. Sýninni er skipt í fjóra meginkafla, þ.e. atvinnuþróun og nýsköpun, ímyndar- og markaðsmál, menningar- og menntamál og lýðfræði og þróun mannauðs.

### Atvinnuþróun og nýsköpun

Á Suðurnesjum er fjölbreytt og umhverfisvæn atvinnustarfsemi sem starfar í sátt við samfélagið. Helstu drifkraftar í eflingu atvinnulífs á svæðinu byggja starfsemi sína á nýsköpun og hugviti. Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja veitir frumkvöðlum ráðgjöf og er sameiginlegt afl sveitarfélaganna í uppbyggingu atvinnulífs og nýsköpunar.

Á Suðurnesjum starfaöflugir klasar sem nýta orku af svæðinu og stuðla að fullnýtingu auðlinda.

Gott samstarf er á milli menntastofnana og atvinnulífs. Samstarfið hefur skilað miklum árangri til eflingar atvinnulífs, t.d. í sjávarútvegi þar sem aukin áhersla hefur verið lögð á fullvinnslu sjávarafurða.

Fyrirtæki á Suðurnesjum nýta sér nálægð við höfuðborgarsvæðið sem og alþjóðaflugvöllinn í Keflavík í sinni starfsemi, t.d. ferðaþjónustan sem hefur styrkst verulega á undanförunum 10 árum.

Ferðaþjónustan nýtir einnig áningarstaði sem Reykjanes Geopark hefur byggt upp á undanförunum árum.

### Ímyndar- og markaðsmál

Íbúar á Suðurnesjum eru stoltir yfir því að búa á svæðinu. Þeir þekkja sögu Suðurnesja og helstu náttúruperlur þess. Ímynd svæðisins er jákvæð í augum þeirra sem ekki búa í landshlutanum.

Suðurnes eru þekktur áfangastaður fyrir erlenda ferðamenn. Áfangastaðurinn er þekktur fyrir Reykjanes Geopark, þ.e. náttúru, sögu og menningu auk heilsu- og vellíðunarþjónustu. Hvert sveitarfélag og fyrirtæki hefur sína stefnu og áherslu í ferðamálum Markaðsstofa Reykjanes leiðir markaðssetningu svæðisins sem áfangastaðar.

Suðurnesin eru þekkt fyrir fjölbreytt atvinnulíf og fjölskylduvænt menntasamfélag sem laðar til sín fólk og fyrirtæki.

### Menningar- og menntamál

Á Suðurnesjum starfa öflugar menntastofnanir á öllum skólastigum. Aðstæður sem þeim hafa verið skapaðar gera það að verkum að menntastig á Suðurnesjum er yfir landsmeðaltali. Svæðið er með hæsta hlutfall þeirra sem klára 10. bekk og fara í framhaldsskóla og jafnframt lægsta hlutfall brottfalls úr framhaldsskóla.

Suðurnesin eru þekkt menntasamfélag. Rannsóknir í náttúruvísinum skapa aukið framboð af hátæknistörfum enda er samstarf milli menntastofnana og atvinnulífs til fyrirmyndar. Svæðið hefur haldið sérstöðu sinni með hæsta hlutfall útskrifaðra iðnnema.

Ferðaþjónustan er mikilvægur þáttur í atvinnulífi Suðurnesjamanna og hafa fyrirtæki í ferðaþjónustu leitað í auknum mæli eftir einstaklingum með fagmenntun í greininni.

Samvinna í menningarmálum er góð milli sveitarfélaga á Suðurnesjum, má þar nefna sameiginlega viðburði og samstarf í kynningarmálum.



Tónlistarlíf hefur alla tíð verið öflugt á Suðurnesjum og er ásamt öðru menningarstarfi mikilvægur þáttur í lífi Suðurnesjamanna. Hlúð hefur verið að menningarstarfi allra aldurshópa og skapandi greinar hafa fengið tækifæri til að vaxa.

### Lýðfræði og þróun mannauðs

Suðurnes eru fjölskylduvænt samfélag þar sem hátt hlutfall yngri íbúa hefur sett þrýsting á sveitarfélög á svæðinu að hlúa að yngri kynslóðinni. Ungt fólk sem alist hefur upp á Suðurnesjum velur svæðið sem framtíðar búsetukost.

Eldri borgarar hafa úr fjölbreyttum leiðum að velja þegar kemur að þjónustu og búsetuúrræðum.

Suðurnes eru fjölmenningsarsamfélag þar sem sögu og hefðum svæðisins er gert hátt undir höfði. Tekið er vel á móti nýjum íbúum.

Mikil eftirspurn er eftir háskóla- og iðmenntuðum einstaklingum. Meðaltekjur hafa hækkað verulega frá árinu 2015.

Samgöngur á Suðurnesjum eru góðar og öðrum svæðum til fyrirmyndar. Hægt er að nota ýmsar gerðir ferðamáta til að komast á milli þéttbýliskjarna á Suðurnesjum.



## Staða Suðurnesja 2015

Staða Suðurnesja er metin út frá þeim megin þáttum sem fram koma í samningi um Sóknaráætlun Suðurnesja, þ.e. lýðfræði, mannauði, menningu og nýsköpun- og atvinnulífi. Greiningin byggir á nokkrum af fyrri greiningum sem unnar hafa verið um svæðið, m.a. Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024, Sóknaráætlun Suðurnesja 2013, greiningu Byggðastofnunar frá árinu 2014 og þeirri þekkingu sem starfsfólk SSS og Heklunnar - atvinnuþróunarfélags Suðurnesja býr yfir. Greining á styrk- og veikleikum var unnin á vinnufundi með þátttakendum í samráðsvettvangi Sóknaráætlunarinnar.

### Nýsköpun- og atvinnulíf

Mörg öflug fyrirtæki eru á Suðurnesjum í dag, til að mynda eru sterk útgerðarfyrirtæki og þróunarfyrirtæki í þeim atvinnugeira, líftækniyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki og alþjóðaflugvöllurinn. Margir vinnustaðir eru hins vegar fámennir.

Nýskráning fyrirtækja á milli ára dróst saman eftir hrun og allt fram til ársins 2011. Á Suðurnesjum samanborið við aðra landshluta var samdrátturinn langmestur það árið. Árin eftir það hefur verið vöxtur og miðað við tölur frá 2012 –2014 hefur nýskráning á Suðurnesjum aukist verulega umfram landsmeðaltal. Slíkt eykur von um vaxandi framtíðartekjur svæðisins og aukin atvinnutækifæri.

Atvinnuleysi í maí 2015 var áætlað 3,6% og hefur það ekki verið lægra frá því í september 2008. Atvinnuleysi á Suðurnesjum náði hámarki árið 2009 og var áætlað 15,7%. Atvinnuleysi á landinu öllu mældist hæst 9,1% sama ár.

### Styrkleikar

- Nálægð við gjöful fiskimið
- Traust og öflug fyrirtæki
- Svæðisskipulag í gildi
- Áætlun til um uppbyggingu áningarstaða fyrir ferðamenn
- Eitt vinnusóknarsvæði
- Sterkir innviðir
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Skilvirk stjórnsýsla
- Þekkt vörumerki á svæðinu

### Veikleikar

- Erfitt að ástunda hefðbundinn landbúnað
- Menntunarstig undir landsmeðaltali
- Veik ímynd
- Lág hlutfall háskólamenntaðra samanborið við aðra landshluta
- Hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið
- Hrepparígur
- Áningarstaður frekar en áfangastaður fyrir ferðamenn
- Neikvæð fjölmiðlaumfjöllun
- Sveitarfélög skilgreina ferðaþjónustu ekki sem atvinnugrein

### Ógnanir

- Óvissa um rekstarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja
- Engin ákvörðun liggur fyrir um fjármögnun uppbyggingar ferðamannastaða á landsvísu
- Samkeppni milli svæða og sveitarfélaga
- Hugsanlegar náttúruhamfarir



- Ofnýting auðlinda
- Svört atvinnustarfsemi
- Hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið og aðra landshluta
- Skortur á vinnuafli
- Veikar samgöngur á milli vinnusóknarsvæða
- Pólítískt umhverfi

### Tækifæri

- Fjölbreytt og falleg náttúra
- Efling ferðaþjónustu
- Samvinna um uppbyggingu ákveðinna atvinnugreina
- Stór atvinnusvæði á skipulagi sveitarfélaga
- Sjálfbær nýting auðlinda
- Efling menntunar og rannsókna
- Bættar samgöngur
- Nýsköpun í atvinnulífi
- Keflavíkurflugvöllur
- Fullvinnsla afurða
- Markaðsstefna til lengri tíma
- Sveitarfélög skilgreini ferðaþjónustu sem atvinnugrein

### Mannauður

Framboð á námi á Suðurnesjum er gott. Í Reykjanesbæ er Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er með starfsendurhæfingu og aðgang að fjarnámi. Keilir er staðsettur á Ásbrú og bíður uppá undirbúningsnám fyrir háskóla (háskólabrú), flugakademíu, íþróttakademíu og tæknifræði. Þekkingarsetur Suðurnesja og Rannsóknasetur Háskóla Íslands eru í Sandgerði. Í Fisktækniskóla Íslands í Grindavík er hægt að læra fiskvinnslu, netagerð, sjómennsku og fiskeldi. Ljóst er að vaxandi námsframboð er á Suðurnesjum og blasa við ýmis tækifæri tengd aukinni menntun íbúa á komandi árum.

Íbúar á Suðurnesjum eru yfir landsmeðaltali þegar talað er um iðnnám, verknám eða meistaraþróf. Íbúar Suðurnesja eru hins vegar undir landsmeðaltali þegar kemur að annarri menntun. Þannig er hlutfall þeirra sem hafa klárað grunn- eða framhaldsnám í háskóla, töluvert undir landsmeðaltali.

Brotthvarf varnarliðsins 2006 og efnahagshrunið 2008 hafði áhrif á sjálfsmynd íbúa. Veik ímynd Suðurnesja er ofarlega í huga íbúa og er mikill áhugi að snúa vörn í sókn.

Samráðshópur taldi að auka þyrfti enn frekar samstarf á milli íbúa sveitarfélaga og að þeir horfi á sig sem eina heild. Mikill áhugi er á því að vinna meira saman og að auka vitund íbúa á því sem er að gerast í nágrannasamfélagnum.

### Styrkleikar

- Gott framboð námsleiða
- Öflugar menntastofnanir
- Menntun á Suðurnesjum er yfir landsmeðaltali í iðn- og verknámi auk meistaraþrófs
- Dregið hefur úr brottfalli nemenda
- Rík hefð fyrir tónlistarfræðslu





### Veikleikar

- Menntunartig á Suðurnesjum er undir landsmeðaltali í bóknámi
- Brottfall úr námi hefur verið of mikið
- Skortur á fjármagni
- Rótleysi
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið

### Ógnanir

- Óvissa um framtíð Fisktækniskóla Íslands
- Skortur á fjárframlögum til menntastofnana
- Samkeppni við höfuðborgarsvæðið
- Fjárskortur
- Pólitískt umhverfi

### Tækifæri

- Bættur námsárangur nemenda
- Auka samstarf atvinnulífs og skóla
- Auka framboð náms sem tengist ferðapjónustunni
- Styrkja sérkenni hveurrar menntastofnunar
- Staðsetning svæðisins og náttúran
- Hlúa betur að stofnunum og innviðum

### Menningarmál

Menningarlíf á Suðurnesjum er blómlegt og mikilvægt fyrir búsetu. Svæðið er þekkt fyrir tónlistarfleið sína auk áhugaverðrar sögu sem tengist sjósókn og náttúru. Skapandi greinar eru í örum vexti og sprotastarfsemi hefur skapað tækifæri til fróðleiks og afþreyingar..

Ýmsar menningarhátíðir eru haldnar í sveitarfélögum á Suðurnesjum, t.d. Fjölskyldudagar Vogum, Ljósanótt Reykjanesbæ, Sólseturshátíðin og Ferskir vindar í Garði, Sandgerðisdagar og Sjóarinn síkátí í Grindavík. Samstarf hefur verið milli sveitarfélaganna um Safnahelgi og List án landamæra.

### Styrkleikar

- Öflugar menningarstofnanir.
- Viðburðir, t.d. tónlistarhátíðir og sýningar
- Áhugaverð saga, áþreifanleg og óáþreifanleg
- Gróskumikið grasrótastarf
- Góðir tónlistarskólar
- Víða má finna minjar um eldri búsetuhætti, strandmenningu og útgerðarsögu

### Veikleikar

- Menningarstefna fyrir Suðurnes hefur ekki verið endurnýjuð á síðustu árum
- Einyrkjastarfsemi og skortur á samvinnu
- Skortur á fjármagni
- Vannýtt tækifæri
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Skortur á sjálfboðaliðum
- Veik sjálfsmynd
- Skortur á þekkingu



### Ógnanir

- Framboð á afþreyingu/samkeppni
- Nálægð og samkeppni við höfuðborgarsvæðið
- Sögulegar minjar tapast af völdum manns og náttúru
- Áhugaleysi
- Fjárskortur

### Tækifæri

- Vaxandi ferðapjónusta
- Tengja matvælaframleiðslu við sögu og hefðir svæðisins
- Samstarf fólks í skapandi greinum
- Bætt aðgengi að náttúru- og menningarminjum
- Reykjanes Geopark
- Tengja saman menningarlíf og ferðapjónustu
- Náttúra svæðisins
- Hlú að stofnunum og innviðum
- Nýsköpun í menningu

### Lýðfræði

Íbúar á Suðurnesjum voru 22.026 talsins í ársbyrjun 2015. Íbúum á svæðinu hefur fjölgað um 3,9% undanfarin tvö ár og 28,7% á síðustu 10 árum. Sé horft aftur til ársins 1998 hefur þeim fjölgað um tæp 40%. 98% íbúa á Suðurnesjum búa í þéttbýli. Flestir bjuggu í Reykjanesbæ eða 14.924. Í Grindavík bjuggu 2.995 íbúar, 1.580 í Sandgerði, 1.425 í Garði og 1.102 í Vogum.

Á Suðurnesjum er hátt hlutfall ungs fólks. Rúmlega 64% íbúa á Suðurnesjum eru á vinnualdri (18-66 ára) eða um 14.154. Hlutfall barna undir 17 ára aldri er tæp 27% sem er hæsta hlutfall 17 ára og yngri á landinu. Jafnframt er á Suðurnesjum lægsta hlutfall eldri borgara á landsvísu eða rúmlega 9%.

### Styrkleikar

- Öflugir þéttbýlisstaðir
- Staðsetning, nálægt höfuðborgarsvæðinu
- Fjölgun íbúa
- Heilbrigð kynjaskipting
- Tekjur íbúa á Suðurnesjum yfir landsmeðaltali
- Hátt hlutfall ungs fólks

### Veikleikar

- Tekjur ákveðinna svæða undir landsmeðaltali
- Áætlun um viðbrögð við náttúruvá ekki lokið
- Of fá hjúkrunarrými miðað við áætlaða þörf
- Veikbyggð heilsustofnun
- Hrepparígur
- Skortur á reynivið

### Ógnanir

- Lækkandi hlutfall íbúa á aldrinum 20-34 ára í Vogum
- Skortur á fjárframlögum til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
- Hörð samkeppni við höfuðborgarsvæðið og aðra landshluta



- Of hröð fjölgun íbúa
- Breytingar á atvinnustarfsemi
- Efnahagssveiflur
- Of fá stór fyrirtæki

### Tækifæri

- Hátt hlutfall ungs fólks
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Efling nærþjónustu í þéttbýli, s.s. heilsugæslu, löggæslu og þjónustu við aldraða og fatlaða
- Ábyrg nýting náttúruauðlinda
- Gott aðgengi að útivistarsvæðum
- Aukin samvinna
- Greiningavinna og frekari úrvinnsla gagna

## Stefna og megináherslur

Suðurnesjamenn hafa sett sér metnaðarfulla stefnu í atvinnuþróun og nýsköpun, ímyndar- og markaðsmálum, menningar- og menntamálum og lýðfræði og þróun mannauðs. Hér birtist sú stefna sem markmiða- og aðgerðaáætlun landshlutans byggir á í þessum flokkum.

### Atvinnuþróun og nýsköpun

- Orkan og orkutengd starfsemi mun skapa Suðurnesjum veruleg tækifæri til atvinnueflingar. Auka þarf samstarf fyrirtækja í orkugeiranum, ekki hvað síst hjá fyrirtækjum sem eru að þjónusta greinina og eins með margvíslegri nýtingu hugvits og nýsköpunar.
- Miklir möguleikar leynast í aukinni fullvinnslu sjávarafila. Verður það gert með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og byggir það m.a. á samstarfi fyrirtækja í sjávarútvegi og fræðasamfélagsins.
- Á Suðurnesjum er jákvætt viðhorf til nýsköpunar og leynast mikil tækifæri í þeim efnum á komandi árum. Tækifærin eru fjölbætt, m.a. nálægð við höfuðborgarsvæðið, sjósóknarsvæði og stór útgerðarfyrirtæki sem starfa í landshlutanum.
- Starfandi verða klasar öflugra fyrirtækja sem nýta orkuna af svæðinu. Slíkir klasar geta verið staðsettir t.d. í Helguvík eða á Reykjanesi og koma til með að hafa víðtæk áhrif á samfélagið á Suðurnesjum bæði hvað varðar tekjur landshlutans og aukna eftirspurn eftir starfskröftum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
- Auka þarf framboð á störfum fyrir háskólamenntaða á Suðurnesjum.
- Aukning ferðamanna til landsins skapar gífurlega möguleika í atvinnumálum svæðisins. Nýta þarf þau tækifæri sem ferðaþjónustan skapar á svæðinu, t.d. vegna nálægðar við höfuðborgina, Bláa Lónið, Keflavíkurflugvöll og einstakar náttúruperlur á Suðurnesjum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
- Skólasamfélagið á Suðurnesjum þarf að vinna náið með atvinnulífinu að þróun og nýsköpun á sem flestum sviðum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).

### Ímyndar- og markaðsmál

- Framundan er að efla alla kynningu á Suðurnesjum og þeim fjölmörgu tækifærum sem svæðið býður upp á. Sú kynning þarf að vera bæði innávið fyrir íbúa og ekki síður út á við gagnvart landsmönnum og erlendum gestum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).



- Mikilvægt er að sveitarfélögin á Suðurnesjum vinni saman að ímyndarsköpun svæðisins til að nýta þannig slagkraft heildarinnar (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
- Efla þarf vitund og stolt íbúa um þá fjölmörgu kosti sem svæðið býr yfir, ekki hvað síst um nálægð við náttúruna og náttúruöflin auk fjölbreytni atvinnulífs og menningar (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
- Aukning ferðamanna til landsins býður upp á möguleika til tekjusköpunar og nýsköpunar. Fá svæði á landinu búa við sömu tækifæri vegna staðsetningu Keflavíkurflugvallar og nálægðar við höfuðborgarsvæðið.
- Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að snúa bökum saman í kynningu svæðisins. Dæmi um þætti sem betur þarf að koma á framfæri er fjölbreytt atvinnulíf, góð tækifæri til menntunar, öflugir innviðir íþróttar og menningar og nálægð við náttúruna (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).

### Menningar- og menntamál

- Dregið hefur úr brottfalli nemenda á svæðinu og er nauðsynlegt að halda áfram á þeirri vegferð.
- Vinna þarf áfram að bættum námsárangri nemenda í skólum á Suðurnesjum.
- Efla þarf samband atvinnulífs og skóla til að auka skilning nemenda á gildi menntunar fyrir þá og ekki síður til framþróunar í atvinnulífi (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).
- Hafa öfluga náms og starfsfræðslu þar sem námsframboð og atvinnumöguleikar á svæðinu eru kynntir fyrir yngri íbúum
- Auka þarf framboð menntunar í ferðaþjónustutengdum greinum á svæðinu.
- Fjölbreytt framboð menntunar þarf að vera til staðar fyrir alla aldurshópa ekki hvað síst til að skapa umgjörð til eflingar fullorðinsfræðslu
- Á Suðurnesjum er hefð fyrir öflugum tónlistarlífi og er mikilvægt að hlúa að nýliðun í tónlistarsköpun.
- Í menningarmálum hefur samstarf aukist innan svæðisins og veruleg tækifæri felast í bættum brag Suðurnesja með aukinni áherslu á menningu.
- Með því að tengja ferðaþjónustu og menningu má örva og styrkja báða þessa þætti á svæðinu.

### Lýðfræði og þróun mannaúðs

- Suðurnesin þurfa að skerpa á kostum svæðisins sem fjölskylduvænu samfélagi
- Hátt hlutfall yngri íbúa á svæðinu setur þrýsting á sveitarfélögin að þau séu í stakk búin til að hlúa að og halda yngri kynslóðinni á svæðinu
- Skapa þarf umgjörð fyrir eldri borgara til áframhaldandi starfa sem henta óskum og möguleikum þeirra.
- Draga má í auknum mæli fram fjölmenningu íbúa svæðisins.
- Tryggja þarf stuðning við erlenda ríkisborgara á svæðinu til að koma í veg fyrir einangrun.



## Markmið og aðgerðir 2015-2019

Forsenda þess að sú framtíðarsýn sem áður hefur verið greint frá verði að veruleika eru skýr markmið. Markmiðin eru sett fram ásamt tillögum að leiðum til þess að ná þeim og mælikvörðum sem notaðir eru til að meta framgang þeirra.

Gert er ráð fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja fylgist með framgangi markmiðanna og upplýsi samráðsvettvang og stjórnir félaganna árlega.

Meginmarkmið landshlutans eru fjögur og kallast þau á við framtíðarsýnina. Markmiðin eru:

- Fjölbreytt atvinnulíf og nýir sprotar
- Sameiginleg markaðssetning og jákvæð sjálfsmynd
- Öflugar menntastofnanir og samvinna í menningarmálum
- Lítið atvinnuleysi og fjölskylduvænt samfélag

Hverju markmiði fylgja tvö til þrjú ítarlegri undirmarkmið. Undirmarkmiðin eru útfærð með verkefnum eða beinum aðgerðum.



	Verkefni 1.1 - Tengsl atvinnulífs og skóla
Markmið (1-2 setningar)	<i>Kynna störf á svæðinu og þá nýsköpun sem á sér stað fyrir annars vegar nemendum og hins vegar almenningi. Greina atvinnulíf á svæðinu. Einnig að auka þekkingu nemenda á framtíðarstörfum á Suðurnesjum.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Atvinnulíf á Suðurnesjum verði kortlagt eftir eðli og gerð fyrirtækja/stofnana og kannað hvaða vaxtamöguleikar og framtíðarstörf komi þar til greina. Í kjölfarið verði niðurstöður kynntar fyrir framhaldsskólum á svæðinu</li><li>– Framboð náms og starfa á svæðinu verði kynnt nemendum ásamt þeirri nýsköpun sem á sér stað.</li><li>– Áhersla verði lögð á tengsl menntastofanna við atvinnulífið.</li><li>– Stutt verði við skapandi smiðju</li></ul>
Framkvæmdaaðili	SSS
Samstarfsaðilar	SAR, menntastofnanir á svæðinu o.fl.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Efla þarf samband atvinnulífs og skóla til að auka skilning nemenda á gildi menntunar fyrir þá og ekki síður til framþróunar í atvinnulífi (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Hafa öflugna náms og starfsfræðslu þar sem námsframboð og atvinnumöguleikar á svæðinu eru kynntir fyrir yngri íbúum</li><li>– Fjölbreytt framboð menntunar þarf að vera til staðar fyrir alla aldurshópa ekki hvað síst til að skapa umgjörð til eflingar fullorðinsfræðslu</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Greining á atvinnulífi á Suðurnesjum hefur farið fram</li><li>– Kynning á framboði náms og starfa á svæðinu hefur farið fram</li><li>– Fjöldi notenda í skapandi smiðju</li></ul>
Lokafurð	Skýrsla um atvinnulíf á Suðurnesjum, starfakynning og skapandi smiðja í fullri notkun
Tímarammi	12 mánuðir, endurtekið árlega
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	



	<b>Verkefni 1.2 - Kynning atvinnulífs og nýsköpunar á Suðurnesjum</b>
Markmið (1-2 setningar)	<i>Tengja fyrirtæki af öllum stærðum saman og fá einstaklinga og fyrirtæki til að fjárfesta á Suðurnesjum.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Unnin verði kynning á fjárfestingartækifærum á Suðurnesjum í tengslum við Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024.</li><li>– Ýtt verði undir styrkingu innviða núverandi fyrirtækja og svæðið gert aðlaðandi fyrir innlenda jafnt sem erlenda aðila/fjárfesta.</li><li>– Unnið verði að því að tengja saman fyrirtæki af öllum stærðum og fá einstaklinga og fyrirtæki til þess að fjárfesta á Suðurnesjum.</li></ul>
Framkvæmdaaðili	SSS
Samstarfsaðilar	Fyrirtæki á Suðurnesjum
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Á Suðurnesjum er jákvætt viðhorf til nýsköpunar og leynast mikil tækifæri í þeim efnum á komandi árum. Tækifærin eru fjölbætt, m.a. nálægð við höfuðborgarsvæðið, sjósóknarsvæði og stór útgerðarfyrirtæki sem starfa í landshlutanum.</li><li>– Framundan er að efla alla kynningu á Suðurnesjum og þeim fjölmörgu tækifærum sem svæðið býður upp á. Sú kynning þarf að vera bæði innávið fyrir íbúa og ekki síður út á við gagnvart landsmönnum og erlendum gestum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að snúa bökum saman í kynningu svæðisins. Dæmi um þætti sem betur þarf að koma á framfæri er fjölbreytt atvinnulíf, góð tækifæri til menntunar, öflugir innviðir íþróttar og menningar og nálægð við náttúruna (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Gerð kynningar á fjárfestingartækifærum á Suðurnesjum</li><li>– Mældar verða stærri fjárfestingar á Suðurnesjum</li></ul>
Lokafurð	Kynningarefni um fjárfestingartækifæri á Suðurnesjum
Tímarammi	2 ár
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	



	Verkefni 1.3 - Samstarf ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurnesjum
Markmið (1-2 setningar)	<i>Tengja ferðaþjónustuaðila á Suðurnesjum með bætt samstarfsumhverfi að markmiði, fjölga gistinóttum og auka arðsemi greinarinnar.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Stutt verði við og ýtt undir samstarf ferðaþjónustuaðila á Suðurnesjum með það fyrir augum að kynna svæðið sem eina heild gagnvart ferðamönnum, m.a. í gegnum Markaðsstofu Reykjaness, Reykjanes Geopark og Ferðamálasamtök Reykjaness.</li><li>– Ferðaþjónusta á svæðinu verði eflð, arðsemi hennar aukin og heilsársstörfum fjölgi</li><li>– Bæta aðstöðu fyrir ferðamenn á áningarstöðum og gert verði ráð fyrir þeirri uppbyggingu í aðalskipulagi sveitarfélaganna</li></ul>
Framkvæmdaaðili	SSS
Samstarfsaðilar	Ferðamálasamtök Reykjaness, Markaðsstofa Reykjaness og Reykjanes Geopark
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Aukning ferðamanna til landsins skapar gífurlega möguleika í atvinnumálum svæðisins. Nýta þarf þau tækifæri sem ferðaþjónustan skapar á svæðinu, t.d. vegna nálægðar við höfuðborgina, Bláa Lónið, Keflavíkurlugvöll og einstakar náttúruperlur á Suðurnesjum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Framundan er að efla alla kynningu á Suðurnesjum og þeim fjölmörgu tækifærum sem svæðið býður upp á. Sú kynning þarf að vera bæði innvið fyrir íbúa og ekki síður út á við gagnvart landsmönnum og erlendum gestum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að snúa bökum saman í kynningu svæðisins. Dæmi um þætti sem betur þarf að koma á framfæri er fjölbreytt atvinnulíf, góð tækifæri til menntunar, öflugir innviðir íþróttar og menningar og nálægð við náttúruna (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Fjöldi fyrirtækja og fjármagn sem fer í gegnum Markaðsstofu Reykjaness, Reykjanes Geopark og Ferðamálasamtök Reykjaness</li><li>– Fjöldi ferðamanna á Suðurnesjum</li><li>– Greining á atvinnulífi á Suðurnesjum hefur farið fram</li><li>– Fjölgun gistinátta á Suðurnesjum</li><li>– Ferðaþjónustureikningar og talnagögn frá Ferðamálastofu</li></ul>
Lokafurð	Samantekt á samstarfsverkefnum, samstarfsaðilum og uppbyggingu áningarstaða
Tímarammi	5 ár
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	





	Verkefni 2.1 - Jákvæð sjálfsmynd
Markmið (1-2 setningar)	<i>Auka stolt og þekkingu Suðurnesjamanna á svæði með samstarfi sveitarfélaga á svæðinu.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Auka fræðslu innávið um Suðurnes fyrir íbúa á öllum aldri, t.d. með kynningarefni, kynningum og námsefni</li><li>– Auka stolt og þekkingu Suðurnesjamanna á ágæti svæðisins, m.a. með gerð námsefnis</li></ul>
Framkvæmdaaðili	SSS
Samstarfsaðilar	Markaðsstofa Reykjaness, Reykjanes Geopark og menntastofnanir
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Framundan er að efla alla kynningu á Suðurnesjum og þeim fjölmörgu tækifærum sem svæðið býður upp á. Sú kynning þarf að vera bæði innávið fyrir íbúa og ekki síður út á við gagnvart landsmönnum og erlendum gestum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Mikilvægt er að sveitarfélögin á Suðurnesjum vinni saman að ímyndarsköpun svæðisins til að nýta þannig slagkraft heildarinnar (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Efla þarf vitund og stolt íbúa um þá fjölmörgu kosti sem svæðið býr yfir, ekki hvað síst um nálægð við náttúruna og náttúruöflin auk fjölbreytni atvinnulífs og menningar (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Viðhorfskannanir</li><li>– Útgáfa á námsefni</li></ul>
Lokafurð	Námsefni um Suðurnes / Kynningarefni um Suðurnes fyrir íbúa
Tímarammi	1-3 ár
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	



	Verkefni 2.2 - Sameiginleg markaðsáætlun fyrir Suðurnes
Markmið (1-2 setningar)	<i>Vinna sameiginlega markaðsáætlun fyrir svæðið og sameina Suðurnes undir einu slagorði.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Skýra þarf ímynd Suðurnesja og vinna að sameiginlegu markaðsefni, s.s. slagorði.</li><li>– Mikil þörf er fyrir að kynna hvað Suðurnesin hafa að bjóða. Náttúra, nýsköpun, menntun, mannlíf, sjávarútveg, gæðavottanir og sjálfbærni er meðal styrkleika Suðurnesja en nauðsynlegt er að koma þessum þáttum á framfæri bæði til íbúa og annarra gesta, innlendra sem erlendra.</li><li>– Aukinn slagkraftur verður settur í markaðssetningu Suðurnesja</li></ul>
Framkvæmdaaðili	Markaðsstofa Reykjaness
Samstarfsaðilar	Sveitarfélögin á Suðurnesjum, fyrirtæki í ferðaþjónustu og Reykjanes Geopark, sjávarútvegur, mennta- og menningarstofnanir, atvinnuþróunarfélög, Auðlindagarður
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Framundan er að efla alla kynningu á Suðurnesjum og þeim fjölmörgu tækifærum sem svæðið býður upp á. Sú kynning þarf að vera bæði innávið fyrir íbúa og ekki síður út á við gagnvart landsmönnum og erlendum gestum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Mikilvægt er að sveitarfélögin á Suðurnesjum vinni saman að ímyndarsköpun svæðisins til að nýta þannig slagkraft heildarinnar (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að snúa bökum saman í kynningu svæðisins. Dæmi um þætti sem betur þarf að koma á framfæri er fjölbreytt atvinnulíf, góð tækifæri til menntunar, öflugir innviðir íþróttar og menningar og nálægð við náttúruna (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Skilgreining á ímynd Suðurnesja</li><li>– Viðhorfskannanir þar sem viðhorf Íslendinga til Suðurnesja er mælt</li><li>– Fjöldi fyrirtækja í Vakanum, gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar</li><li>– Gerð markaðsáætlunar fyrir landshlutann</li><li>– Útgáfa kynningaefnis</li><li>– Sameiginlegt slagorð</li></ul>
Lokafurð	Sameiginleg markaðsáætlun fyrir Suðurnes og skýrsla um hvernig markaðsáætluninni verður fylgt eftir
Tímarammi	1 ár
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	



	Verkefni 3.1 - Minnka brottfall úr námi
Markmið (1-2 setningar)	<i>Minnka brottfall úr námi og hækka menntunarstig á Suðurnesjum.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Auka eftirfylgni með þeim börnum sem klára grunnskóla til þess fleiri sæki sér framhaldsmenntun</li></ul>
Framkvæmdaaðili	Þekkingarsetur Suðurnesja
Samstarfsaðilar	Fræðsluskrifstofur sveitarfélaganna, SSS og menntastofnanir
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Dregið hefur úr brottfalli nemenda á svæðinu og er nauðsynlegt að halda áfram á þeirri vegferð.</li><li>– Vinna þarf áfram að bættum námsárangri nemenda í skólum á Suðurnesjum.</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Samanburður á fjölda nemenda milli ára</li><li>– Menntunarstig á Suðurnesjum borið saman við landsmeðaltal</li></ul>
Lokafurð	Skýrsla um brottfall úr námi á Suðurnesjum
Tímarammi	3-5 ár
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	



	Verkefni 3.2 - Þjónusta og þekking í ferðaþjónustunni
Markmið (1-2 setningar)	<i>Fjölga fagmenntuðum starfsmönnum í ferðaþjónustu og hvetja fyrirtæki til að nýta sér þá fræðslu og menntun sem býðst fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu.</i>
Stutt verkefnaálysing (útdráttur úr verkefnaálysingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Auka markvisst kynningu á námi í greinum tengdum ferðaþjónustu</li><li>– Hvetja til samtarfs menntastofnana og fyrirtækja á völdum sviðum ferðaþjónustunnar</li><li>– Kynna Vakann, gæða- og umhverfiskerfi Ferðamálastofu.</li></ul>
Framkvæmdaaðili	SSS
Samstarfsaðilar	Markaðsstofa Reykjaness, Reykjanes Geopark, menntastofnanir og hagsmunaaðilar
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Auka þarf framboð á störfum fyrir háskólamenntaða á Suðurnesjum.</li><li>– Aukning ferðamanna til landsins skapar gífurlega möguleika í atvinnumálum svæðisins. Nýta þarf þau tækifæri sem ferðaþjónustan skapar á svæðinu, t.d. vegna nálægðar við höfuðborgina, Bláa Lónið, Keflavíkurlugvöll og einstakar náttúruperlur á Suðurnesjum (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Efla þarf samband atvinnulífs og skóla til að auka skilning nemenda á gildi menntunar fyrir þá og ekki síður til framþróunar í atvinnulífi (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Hafa öfluga náms og starfsfræðslu þar sem námsframboð og atvinnumöguleikar á svæðinu eru kynntir fyrir yngri íbúum</li><li>– Auka þarf framboð menntunar í ferðaþjónustutengdum greinum á svæðinu.</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Greining á atvinnulífi á Suðurnesjum hefur farið fram</li><li>– Greining á framboði námskeiða og námsleiða</li><li>– Þátttaka í námskeiðum tengdum ferðaþjónustu</li></ul>
Lokafurð	Samantekt á niðurstöðum greininga á atvinnulífi á Suðurnesjum og framboði námskeiða og námsleiða í ferðaþjónustu.
Tímarammi	1-3 ár
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	



	Verkefni 3.3 - Upplýsingaveita og aukið menningarsamstarf
Markmið (1-2 setningar)	<i>Koma upp sameiginlegu viðburðadagatali fyrir Suðurnes með aukinn sýnileika menningarlífs á svæðinu að markmiði og styrkja þannig ímynd svæðisins. Auka samstarf á sviði menningarmála.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Komið verði upp sameiginlegu viðburðadagatali fyrir Suðurnes</li><li>– Kannað verði hvort forsendur séu fyrir því að endurskoða menningarstefnu fyrir landshlutann</li><li>– Samstarf á sviði menningarmála verði aukið þvert á sveitarfélagamörk</li></ul>
Framkvæmdaaðili	SSS
Samstarfsaðilar	Markaðsstofa Reykjaness og menningartengdir aðilar á svæðinu
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Á Suðurnesjum er hefð fyrir öflugum tónlistarlífi og er mikilvægt að hlúa að nýliðun í tónlistarsköpun.</li><li>– Í menningarmálum hefur samstarf aukist innan svæðisins og veruleg tækifæri felast í bættem brög Suðurnesja með aukinni áherslu á menningu.</li><li>– Með því að tengja ferðaþjónustu og menningu má örva og styrkja báða þessa þætti á svæðinu.</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Viðburðadagatal í notkun</li><li>– Fjöldi viðburða skoðaðir</li><li>– Forsendur kannaðar fyrir endurskoðun menningarstefnu</li><li>– Verkefni styrkt úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja</li></ul>
Lokafurð	Sameiginlegt viðburðadagatal og skýrsla um samstarf í menningarmálum
Tímarammi	2 ár
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	



	Verkefni 4.1 - Menntun í takt við atvinnulífið á svæðinu
Markmið (1-2 setningar)	<i>Auka tengsl nemenda við atvinnulífið á svæðinu og undirbúa þá fyrir störf sem standa til boða á Suðurnesjum. Draga úr atvinnuleysi til lengri tíma.</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Úttekt á námsframboði á Suðurnesjum verður borin saman við starfagreiningu</li><li>– Menntun efla í tengslum við atvinnulífið á svæðinu</li><li>– Nemendur verði undirbúnir fyrir þau störf sem þeim standa til boða á Suðurnesjum</li></ul>
Framkvæmdaaðili	SSS
Samstarfsaðilar	Atvinnulífið, menntastofnanir á svæðinu
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Auka þarf framboð á störfum fyrir háskólamenntaða á Suðurnesjum.</li><li>– Efla þarf samband atvinnulífs og skóla til að auka skilning nemenda á gildi menntunar fyrir þá og ekki síður til framþróunar í atvinnulífi (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Hafa öflugna náms og starfsfræðslu þar sem námsframboð og atvinnumöguleikar á svæðinu eru kynntir fyrir yngri íbúum</li><li>– Auka þarf framboð menntunar í ferðaþjónustutengdum greinum á svæðinu.</li><li>– Fjölbreytt framboð menntunar þarf að vera til staðar fyrir alla aldurshópa ekki hvað síst til að skapa umgjörð til eflingar fullorðinsfræðslu</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Úttekt á námsframboði á Suðurnesjum borin saman við starfagreiningu</li><li>– Atvinnuleysistölur bornar saman milli ára</li><li>– Menntunarstig á Suðurnesjum borið saman við landsmeðaltal</li></ul>
Lokafurð	Skýrsla um stöðu nemenda á Suðurnesjum og samvinnu skóla og atvinnulífs á svæðinu
Tímarammi	5-10 ár
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	



	Verkefni 4.2 - Uppbygging mannaúðs á Suðurnesjum
Markmið (1-2 setningar)	<i>Uppbygging mannaúðs á Suðurnesjum</i>
Stutt verkefnalýsing (útdráttur úr verkefnalýsingu)	<ul style="list-style-type: none"><li>– Unnin verði heildstæð stefna sem aðstoðar sveitarfélög á Suðurnesjum við að byggja upp og draga fram kosti fjölskylduvæns samfélags á Suðurnesjum.</li><li>– Greining unnin á hag fjölskyldufólks á svæðinu og framboð húsnæðis/leiguhúsnæðis</li><li>– Unnið verði að vitundarvakningu í vistvænum samgöngum, þ.e. íbúar velji aðrar samgöngur en einkabílinn</li></ul>
Framkvæmdaaðili	SSS
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á Suðurnesjum
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	Í kaflanum „Stefna og megináherslur“ segir m.a.: <ul style="list-style-type: none"><li>– Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að snúa bökum saman í kynningu svæðisins. Dæmi um þætti sem betur þarf að koma á framfæri er fjölbreytt atvinnulíf, góð tækifæri til menntunar, öflugir innviðir íþróttar og menningar og nálægð við náttúruna (sbr. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024).</li><li>– Suðurnesin þurfa að skerpa á kostum svæðisins sem fjölskylduvænu samfélagi</li><li>– Hátt hlutfall yngri íbúa á svæðinu setur þrýsting á sveitarfélögin að þau séu í stakk búin til að hlúa að og halda yngri kynslóðinni á svæðinu</li></ul>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"><li>– Fjöldi íbúa á svæðinu borinn saman milli ára</li><li>– Aldurssamsetning íbúa borin saman milli ára</li><li>– Fjöldi notenda almenningsgangna</li></ul>
Lokafurð	Stefna um fjölskylduvænt samfélag á Suðurnesjum, greining á hag fjölskyldufólks á Suðurnesjum og kynningarefni um vistvænar samgöngur
Tímarammi	5-10 ár
Heildarkostnaður	
Framlag úr sóknaráætlun 2015	



## Samantekt

Sóknaráætlun Suðurnesja 2015-2019 er unnin í kjölfar vinnu með fulltrúum samráðsvettvangs áætlunarinnar. Eins og greint hefur verið frá í skýrslunni hefur staðan á Suðurnesjum batnað töluvert á síðustu árum, til dæmis er atvinnuleysi að dragast saman, íbúafjöldi fer vaxandi, framboð sérhæfðu námi og nýskráning fyrirtækja er að aukast.

Þrátt fyrir að það séu batahorfur yfir landshlutanum er töluverð vinna framundan. Tækifærin eru til staðar en það er óhætt að segja að það skiptir mestu máli að úrvinnsla þeirra sé góð.

Meðal mikilvægustu þátta sem lagðir eru til í áætluninni eru:

- Taka þarf sérstaklega fyrir ímyndarmál og markaðssetningu Suðurnesja. Mikilvægt er að setja fjármagn til markaðssetningar landshlutans og námsefnisgerð til að styrkja sjálfsmynd og stolt meðal íbúa á Suðurnesjum og í kjölfarið draga fram jákvæða ímynd svæðisins gagnvart öðrum landsmönnum.
- Háskólamenntun íbúa á Suðurnesjum er enn sú lægsta á landinu. Unnið verði að því að efla tengsl atvinnulífs og skóla, með það að markmiði að minnka brottfall úr skóla.
- Efling ferðaþjónustunnar á Suðurnesjum þarf að vera eitt af forgangsatríðum á komandi árum. Í þeim málaflokki eru mikil tækifæri og má segja að fá ef nokkurt landsvæði hefur eins mikla möguleika til árangurs í þessari grein.
- Sóknaráætlun Suðurnesja fjallar einnig um möguleikana sem felast í aldurssamsetningu íbúanna, en svæðið státar af yngsta meðalaldri íbúa á landsvísu. Tryggja þarf að svæðið njóti þessara kosta og dragi því fram alla kosti þess fjölskylduvæna samfélags sem Suðurnesin eru. Jafnframt fylgir því að huga að menntun og atvinnumöguleikum yngri kynslóðanna til að tryggja þau sem íbúa Suðurnesja til framtíðar.